

1909

Fimmtudaginn 28. nóvember 1991.

Nr. 463/1991. **Garðskagi hf.**

gegn

Íslandsbanka hf. o.fl.

Kærumál. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur með kæru 13. nóvember sl. skotið til Hæstaréttar úrskurði uppboðsréttar Gullbringusýslu frá 17. október sl., en hann kveðst hafa mótttekið hann 1. nóvember sl. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hinn reglulegi uppboðshaldari víki sæti í málinu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Hér er ekki til úrlausnar, hvort uppboð á eignum sóknaraðila á yfirleitt að fara fram eða ekki. Fyrri afskipti uppboðshaldara af málsefni í embættisnafni leiða yfirleitt ekki til þess, að hann þurfi að víkja sæti í máli, sbr. 1. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. uppboðslaga nr. 57/1949. Sóknaraðili hefur ekki bent á neinar gildar ástæður, sem leiða ættu til annarrar niðurstöðu í því tilviki, sem hér er til álita. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilum sameiginlega 25.000 krónur í kærumálskostnað, en þeir sækja þing saman.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Garðskagi hf., greiði varnaraðilum, Íslandsbanka hf. o.fl., sameiginlega 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Gullbringusýslu 17. október 1991.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 27. september sl., hefur sóknaraðili, Garðskagi hf., krafist þess, að hinn reglulegi uppboðshaldari víki sæti, og auk þess hefur hann krafist málskostnaðar úr hendi allra varnaraðila, svo sem nánar getur í greinargerð hans.

Varnaraðilar, sem sótt hafa þing í málinu, eru Byggðastofnun, Íslandsbanki hf., Lífeyrissjóður Suðurnesja, Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps, Sæplast hf. og Fiskveiðisjóður Íslands. Af hálfu þeirra eru þær kröfur gerðar, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að honum verði gert að greiða þeim málskostnað.

Eigi þykja vera efni til að greina ýtarlega málavexti, að því er varðar aðgerðir réttarins til að koma fram nauðungarsölu á eign sóknaraðila að kröfu margra uppboðsbeiðenda. Rekstur sérstaks uppboðsréttarmáls hófst í lok árs 1989 að kröfu sóknaraðila máls þessa. Áður en því lyki með uppkveðnum úrskurði um ágreiningsefni, hóf uppboðshaldarinn uppboðið af sjálfsdáðum í þinghaldi 17. janúar 1990. Að liðnum áfrýjunarfresti hóf hann síðan uppboðsgerðir að nýju á grundvelli uppboðsbeiðna, sem höfðu ekki verið afturkallaðar.

Málsástæður sóknaraðila eru að mestu reistar á fyrri afskiptum af meðferð uppboðshaldara á því uppboðsréttarmáli, sem hann hóf ex officio. Telur sóknaraðili, að slík afskipti samræmist ekki því, að hann úrskurði um það ágreiningsefni, sem felist í þeirri kröfu hans, að uppboðið verði fellt niður. Uppboðshaldari yrði að öðrum kosti að dæma um eigin gjörðir og taka afstöðu til þess, hvort hann hefði staðið rétt að málum. Einnig telur varnaraðili, að vanhæfi hins reglulega uppboðshaldara sé í því fólgið, að hann hafi hafið nýjar uppboðsaðgerðir á grundvelli eldri uppboðsbeiðna, er beri það ekki með sér að hafa verið endurnýjaðar formlega. Uppboðshaldari hafi því tekið að sér réttarvörslu fyrir uppboðsbeiðendur. Slík afskipti dómsvalds fyrir annan aðila máls samrýmist ekki grundvallarreglu réttarfarslaga, að dómari skuli gæta fyllsta hlutleysis við meðferð mála og í engu draga taum annars aðilans.

Varnaraðilar telja, að hér sé fjallað um nýtt uppboðsmál og athafnir í eldra málinu komi nú ekki til álita. Sóknaraðila hafi borið að vísa málinu til Hæstaréttar, ef hann sætti sig ekki við úrskurð um niðurfellingu eldra uppboðsmálsins. Uppboðsbeiðendur hafi átt rétt á því, að uppboðið hafi verið auglýst á grundvelli fyrirbyggjandi beiðna, og ekki hafi verið þörf á endurnýjun þeirra. Varnaraðilar telja, að um engar þær ástæður sé að ræða, er geri hinn reglulega uppboðshaldara vanhæfan til þess að fjalla um kröfur aðila í þessu nýja uppboðsmáli. Að minnsta kosti eigi ákvæði 36. gr. einkamálalaga ekki við hér. Er þess því krafist, að reglulegur

uppbóðshaldari fari áfram með mál þetta, svo að ekki komi til frekari tafa.

Það er álit réttarins, að þær málsástæður, er sóknaraðili máls þessa færir fyrir kröfu sinni, að hinn reglulegi uppbóðshaldari víki sæti í málinu, séu ekki þess eðlis, að þær verði teknar til greina, enda sé ekki unnt að heimfæra þær undir 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði eða að sönnur séu að öðru leyti fram komnar um réttmæti þeirra.

Þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Eysteinnsson sýslumaður kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hinn reglulegi uppbóðshaldari Gullbringusýslu, Jón Eysteinnsson sýslumaður, víkur ekki sæti.

Málskostnaður fellur niður.
